

Athugasemdir Náttúruvaktarinnar við frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð

Náttúruvaktin gerir eftirtaldar athugasemdir við frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð

Athugasemdir við skipan stjórnar þe. 4. og 7. grein auk 12. greinar

- Náttúruvaktin leggur eindregið til að minnst tveir fulltrúar sem gæta hagsmuna almennings séu í stjórn þjóðgarðsins og svæðisstjórnnum
 - o Einn tilnefndur af Náttúruverndarsamtökum (ekki umhverfisverndar) sem fulltrúar náttúrunnar. Í svæðisstjórnnum væri það fulltrúi landshlutasamtaka.
 - o Einn tilnefndur af Útivistarsamtökum (Samtök útivistarfélag, Samút, svo sem Útivist/ Ferðafélagið/ Ísalp/ 4x4 o.s.frv.) en þessir aðilar hafa áunnið sér hefðbundin rétt til nytja og eru helstu málsvarar almannahagsmuna á grundvelli almanna- og umferðarréttar.

Þetta er ekki síður mikilvægt í ljósi 12. greinar þar sem stjórn og svæðisstjórnnum er falið að vinna að verndaráætlun sem taki m.a mið, auk verndunar, almanna- og umferðarrétti. Þátttaka fulltrúa almennings í stjórn og svæðisstjórnnum leiðir til betri skilvirkni þar sem hagsmunir þessara fulltrúa kemur fram strax á fyrsta stigi áætlanagerðar.

13. grein: *Mannvirkjagerð, vegagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eða að fengnu leyfi ráðherra.*

Náttúruvaktin telur að allar nýjar framkvæmdir innan þjóðgarðsins eiga að vera matsskyldar þannig að allir mögulegir valkostir séu til umfjöllunar strax. Náttúruvaktin telur afar viðsjárvert að fela vald til framkvæmda alfarið svæðisstjórnnum í gegnum gerð verndaráætlana. Vænlegra sé að breyta 37. grein Náttúruverndarlaga í þá veru að allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum og svæðum á Náttúruminjaskrá, sem og í þjóðgördum skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

15. grein: *Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulsþjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á leyfðum vetrarakstursleiðum, sbr. 3. mgr., svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.*

Þetta ákvæði þarf að skerpa þar sem reynsla frá Kanada sýnir að vegna þjöppunar snævar þegar mörg ökutæki aka yfir gróið land veldur það skaða þar sem þjappaður snjórinn í forunum bráðnar mun síðar enn annars staðar auk þess hefur gróður undir hjólförum í snjó kafnað (Sést td. við Tjörvafell á Landmannaafretti). Þannig getur akstur á grónu landi á snjó orsakað jarðvegsrof. Því þarf að gæta varúðar og ýtrustu aðgátar við val á slíkum vetrarakstursleiðum.

19. grein – Í hóp þeirra sem eiga lögvarða hagsmuni þarf að bæta við Útivistarsamtökum enda eiga félagsmenn þeirra verulega hagsmuni á grundvelli hefðbundinna nytja.

21. grein varðandi gjaldtöku telur Náttúruvaktin að hafa verði samráð um þetta fyrirkomulag við náttúruverndar- og útivistarsamtök.

Að endingu

Náttúruvaktin áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við og tillögur um landfræðileg mörk Vatnajökulspjóðgarðs þegar þau liggja fyrir,

Reykjavík 12. febrúar 2007

Fyrir hönd Náttúruvaktarinnar
Ásta Þorleifsdóttir